

## 11. gr.

Kostnaður af rekstri skólans greiðist úr bæjarsjóði samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun að því marki sem nemendagjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki til.

## 12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá sem áhuga hefur á því námi sem skólinn býður upp á. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs og skal auglýsa það við innritun. Þurfi að takmarka fjölda nemenda í einstökum námsgreinum skulu nemendur sem stunduðu nám á fyrra skólaári hafa forgang. Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið segjast við áminningu. Rísi ágreiningur um skólavist nemenda skal skólanefnd úrskurða í málinu.

## 13. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir árlega og skulu leyfis dagar fara eftir skóladagatali grunnskóla. Viðverutími og vinnuskylda kennara fer eftir gildandi kjarasamningi, en heimilt er skólastjóra að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans í samræmi við kjarasamninga.

## 14. gr.

Samþykkt þessi er sett af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní 1997.

2. október 1997

Nr. 570

**REGLUR**

**um breytingu á reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk  
og aðgerðir til að draga úr mengun.**

## 1. gr.

Skrá 1 með reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun breytist á eftirfarandi hátt:

	Meðalgildi (MG)		Þakgildi (ÞG)		Skammtímagildi (STG)		Ath.
	ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>	
Flúoríð	–	0.6	–	–	–	–	6)
Flúorvetni	0.7	0.6	–	–	1.1	0.9	6)

Athugasemd <sup>6)</sup> verði: Fyrirtæki sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skulu í síðasta lagi innan eins árs hafa mengun flúoríðs og flúorvetnis undir 2.0 mg/m<sup>3</sup> og í síðasta lagi innan þriggja ára undir 0.6 mg/m<sup>3</sup>.

Núverandi athugasemd <sup>6)</sup> með Flúotan breytist í athugasemd <sup>7)</sup>.

## 2. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

*Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.*

F. h. r.  
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Gylfi Kristinsson.*